



Aðildarfélög KSÍ

Reykjavík, 11. febrúar 2008.

Varðar: Mannvirkjasjóð KSÍ

Stjórn KSÍ samþykkti eftirfarandi reglugerð um Mannvirkjasjóð KSÍ á fundi sínum 17. janúar 2008. Í samræmi við 18. gr. laga KSÍ er reglugerðin nú kynnt aðildarfélögum með bréfi þessu.

.....

Reglugerð um Mannvirkjasjóð KSÍ

Markmið

Mannvirkjasjóði KSÍ er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja á Íslandi til þess að skapa iðkendum, stjórnendum og áhorfendum sem besta aðstöðu.

Styrkir

Mannvirkjasjóður KSÍ styrkir hvers kyns nýframkvæmdir og getur hámarksstyrkur við hvert verkefni orðið 10 milljónir króna en þó aldrei meira en sem nemur þriðjungi af raunkostnaði framkvæmdar. Aðeins aðildarfélög KSÍ geta sótt um styrk.

Umsókn

Umsókn um styrk úr Mannvirkjasjóði KSÍ skal berast framkvæmdastjóra KSÍ fyrir 1. apríl ár hvert. Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar m.a. koma fram:

- A. Fyrirhugaðar framkvæmdir og tilgangur þeirra
- B. Verk- og tímaáætlun
- C. Staðfesting á fjármögnun
- D. Staðfesting viðkomandi sveitarfélags á framkvæmdunum og skuldbindingar þess vegna þeirra

Framkvæmdastjóri KSÍ metur umsóknir og hefur mannvirkjanefnd KSÍ til ráðgjafar, og þá aðila sem hann telur ástæðu að leita til. Framkvæmdastjóri gerir tillögu til stjórnar um úthlutun úr sjóðnum. Við mat á umsóknum skal

m.a. tekið tillit til núverandi stöðu knattspyrnumannvirkja og aðstöðu, og þarfa félags vegna þátttöku í Íslandsmóti og vegna leyfiskerfis KSÍ.

Greiðslur úr sjóðnum

Styrkur úr Mannvirkjasjóði KSÍ er greiddur út að loknum framkvæmdum viðkomandi verkefnis.

Gert er ráð fyrir að í Mannvirkjasjóður KSÍ muni á árunum 2008-2011 veita árlega 50 milljónir króna til aðildarféлага.

Samþykkt á stjórnarfundi KSÍ 17. janúar 2008

Virðingarfyllst,
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,



Þórir Hákonarson,
framkvæmdarstjóri.





